

Erindisbréf fyrir menningar- og atvinnumálanefnd Vopnafjarðarhrepps

1. gr.

Hlutverk menningar- og atvinnumálanefndar.

Menningar- og atvinnumálanefnd annast þau störf sem sveitarstjórn felur nefndinni á sviði menningarmála, atvinnumála og ferðamála.

Menningar- og atvinnumálanefnd starfar í samræmi við stefnumótun, samþykktir og áætlanir sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps á verkefnasviði nefndarinnar.

2. gr.

Verkefni.

Helstu verkefni menningar- og atvinnumálanefndar eru:

- mörkun stefnu í menningar- og nýsköpunarmálum,
- nýsköpun í sveitarfélaginu og samskipti við tengda aðila,
- undirbúningur viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila,
- að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um málefni sem falla undir verksvið nefndarinnar,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

3. gr.

Skipan menningar- og atvinnumálanefndar.

Menningar- og atvinnumálanefnd er skipað sjö aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara kjörnum af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og sveitarstjórnar.

Formaður ákveður dagskrá fundar nefndarinnar í samstarfi við skrifstofustjóra.

4. gr.

Fundarboðun og málsmeðferð.

Skrifstofustjóri sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í menningar- og atvinnumálanefnd ekki sótt fund skal hann tilkynna það skrifstofustjóra og boða varamann á fund.

Málsmeðferð menningar- og atvinnumálanefndar skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Vopnafjarðarhreppi og góða stjórnarsýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir nefndarinnar skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í menningar- og atvinnumálanefnd er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar og ráða Vopnafjarðarhrepps.

Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skuli tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar. Fundir skulu haldnir

að jafnaði einu sinni í mánuði í samræmi við fundadagatal Vopnafjarðarhrepps, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda nefndarinnar. Aukafundi skal halda ef meirihluti fulltrúa í nefndinni fer fram á slíkt.

5. gr.

Hlutverk skrifstofustjóra.

Skrifstofustjóri situr fundi menningar- og atvinnumálanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Formaður nefndarinnar og skrifstofustjóri ákveða með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund. Skrifstofustjóri undirbýr fundi í samstarfi við formann og hefur yfirumsjón með að framkvæma ákvarðanir nefndarinnar eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær.

Skrifstofustjóri sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi.

6. gr.

Þagnarskylda og hæfi.

Fulltrúi í menningar- og atvinnumálanefnd skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spilt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

7. gr.

Gildistaka

Erindisbréfið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 22.september 2022.